

Skýrsla skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir árið 2006.

Árið 2006 var mikið framkvæmdaár eins og árið á undan lóðaframboð var þó lítið og annaði ekki eftirspurn. Í lok ársins var veitt byggingarleyfi fyrir 43 íbúðum á lóðinni Smyrлаheiði 1-44.

Aðalskipulag Hveragerðis 2005-2017 var staðfest og fjölmörg deiliskipulög voru samþykkt.

Fundir skipulags- og byggingarnefndar voru samtals 20 og 117 mál voru tekin á dagskrá nefndarinnar.

Aðalskipulag.

Vinnu við endurskoðun aðalskipulags Hveragerðis 2005-2017 lauk á árinu og var það staðfest 23/05/2006. Vinna við breytingu á aðalskipulagi svæðis austan Varmár „Sólborgir” hófst en þar var ráðgert að auka verulega þéttleika byggðar. Einnig komu fram óskir um breytingu á aðalskipulagi svokallaðs Tívolíreits þar sem umráðandi óskaði eftir leyfi til að byggja allt að 6 hæða hús á reitnum.

Deiliskipulag.

Nýtt deiliskipulag við Smyrлаheiði 45-56 var samþykkt 18/08/2006, nýtt deiliskipulag við Austurmörk 6, 8 og 10 var samþykkt 14/09/2006, nýtt deiliskipulag við Dalsbrún, Hjallabrún og Hólmabrún var samþykkt 17/10/2006, nýtt deiliskipulag við Smyrлаheiði 1-44 (Gróðurmörk 4-6), var samþykkt 7/12/2006, Sameining lóða nr. 3 og 5 við Mánamörk var samþykkt 7/12/2006, vinna hófst við deiliskipulag Sólborgarsvæðisins og deiliskipulag lóðanna Heiðmörk 64, 68 og 70, skipting lóðarinnar Klettahlíð 4 í lóðirnar Klettahlíð 2 og 4 var samþykkt 6/07/2006. Skipulags- og byggingarnefnd fjallaði auk þess um tillögu að deiliskipulagi svokallaðs Tívolíreits, tillögu að deiliskipulagi Breiðumerkur 8 og Þelamerkur 29 og 35 og tillögu um deiliskipulag Eden reitsins.

Byggingarmál.

Veitt voru byggingarleyfi fyrir 56 nýjum íbúðum og munar þar mestu um 43 íbúðir í Smyrлаheiði 1-44. Byggingarleyfi var veitt fyrir nýju þvottahúsi við Klettahlíð 11, útisundlaug og heitum pottum við Heilsustofnun NLFÍ, nýju gestamóttökuhúsi í Hverahvammi, nýju athafnahúsi við Mánamörk 3-5 og einu hesthúsi við Vorsabæjarvelli.

Samþykkt flatarmál íbúðarhúsa jókst um 6.800 fermetra en samþykkt flatarmál annarra húsa minnkaði um 1.100 fermetra. Flatarmál nýrra athafnahúsa var samtals um 2.500 fermetrar en á móti kemur að

samþykkt var að rífa um 3.450 fermetra af gróðurhúsum og 150 fermetra vallahús norðan Hamars.

Önnur mál.

Skipulags- og byggingarnefnd fjallaði um fjölmörg önnur mál svo sem um brunann á húsnaði HSSH og Ræktunarmiðstöðvarinnar sf. að Austurmörk 9, heilbrigðismál (skilgreining yfirborðsvatns og grunnvatns), aðgengismál, grenndarkynningar, framkvæmdaleyfi, skilti, stöðuleyfi, staðsetningu fyrir sleðabrekku, breytingar á legu Suðurlandsvegur, áningarsvæði við hringtorg á Suðurlandsvegi, geymslusvæði við Vorsabæ, gönguleið frá Rjúpnabrekkum að Fossflöt (erindi frá OR), hundasvæði o.fl.

Hveragerði 5. janúar 2009

Guðmundur F. Baldursson
Skipulags- og byggingarfulltrúi